

Umferð komin á nýja hringtorgið á Eyrarbakka



Framkvæmdin er öll hin glæsilegasta eins og sjá má á myndinni. Mynd: gpp.

Framkvæmdum við hringtorg á mótum Eyrarbakka og Hólastekks/Víkurheiðar miðar vel áfram. Umferð hefur verið hleypt á torgið en var áður um hjáleið. Verkinu skal vera að fullu lokið fyrir 1. september nk. Verkinu tilheyrir að auki veglýsing, vegmerkingar ásamt

breytingum á lagnakerfum veitufyrirtækja, m.a. færsla og nýlagnir vatns- og hitaveitu, rafstrengja og fjarskiptalagna auk annarra þátta sem nauðsynlegir eru til að ljúka verkinu.

Verkið er samvinnuverkefni Sveitarfélagsins Árborgar og Vegagerðarinnar. Þegar gerð

hringtorgsins er lokið mun koma tenging frá Eyrarbakka við Hólastekk sem mun liggja sunnan við Bjarkarstykki og tengjast að Suðrhólum rétt austan við núverandi tjaldsvæði. Það er verktakafyrirtækið Verktækni sem sér um verkið.

-gpp

Mældur á 184 við Tannastaði undir Ingólfsfjalli

Alls voru 63 ökumenn kærðir fyrir of hraðan akstur í síðustu viku. Þrír þeirra fóru þó umtalsvert hraðar en lög gera ráð fyrir og stefndu öðru fólki í hættu með athæfi sínu.

Ökumaður á ferð um Biskupstungnabraut við Tannastaði undir Ingólfsfjalli var mældur á 184 km/klst, en leyfður hámarkshraði er 90 km/klst. Ökumaðurinn var sviptur ökuréttindum á staðnum og



Mynd: Lögreglan á Suðurlandi. Myndin er úr safni.

mál hans biður nú meðferðar hjá ákærusviði. Þá var erlendum ferðamaður mældur á 154 km/

klst. á Suðurlandsvegi við Dalsel. Þá var sá þriðji mældur á 147 km/klst. við Rauðalæk. -gpp



Sandra komin á bak við búðarborðið. Mynd: Elín Birna.

Nýir rekstraraðilar teknir við versluninni Bakkanum á Eyrarbakka

Eggert Valur Guðmundsson og Eygló Har hafa selt rekstur verslunarinnar Bakkanum til hjónanna Söndru Sævarsdóttur og Júlíusar Emilssonar á Eyrarbakka. Í samtali við Eggert Val kemur fram að hann hafi haft í nógu að snúast undanfarin ár og nú sé komið að því að hægja aðeins ferðina. „Við höfum rekið þetta í ein átta ár samhliða pólitíkinni og starfi mínu fyrir Íslandspóst. Við höfum verið að velta þessu fyrir okkur í dágóðan tíma. Þá fannst mér mikilvægt að finna rétta aðilann til þess að taka við keflinu.“ Það er á Eggerti að heyra að honum þyki mikilvægt að verslunarstarfsemi haldi áfram niðri á Bakkanum. „Ég er þess fullviss að rekstur dagvöruverslunar er björt á Eyrarbakka og hún er komin í góðar hendur til framtíðar. Það er nauðsynlegt að hér sé rekin verslun með því helsta. Eins og allir vita eiga minni byggðarkjarnar undir högg að sækja með skerðingu á þjónustu. Það er mikið í húfi og þarf að standa vörð um það. Ég hef fulla trú á því að Sandra og Júlíus komi til með að gera þetta með sóma og tryggja verslun hér til framtíðar.“

Viðskiptavinirnir og spjallið standa upp úr

Margs er að minnast frá löngum tíma, en Eggert segir að helst séu það viðskiptavinirnir og góð kynni við fólk sem kemur í verslunina. „Það er auðvitað fólkið sem stendur upp úr á þessum tíma. Allir viðskiptavinirnir. Það leggja margir leið sína hingað til að spjalla og það hefur verið gefandi að fá að njóta þess,“ segir Eggert.

Engar dramatískar breytingar framundan

Í samtali við Söndru kom fram að þau hjón hlakki til að þjónusta Eyrbekkinga áfram eins og verið hefur. „Við erum bara spennt fyrir þessu verkefni. Það eru engar dramatískar breytingar framundan, en pylsupotturinn er kominn af stað svo hér er hægt að stoppa og fá sér pylsu og svo stendur til að lengja aðeins opnunartímann,“ segir Sandra brosandí. Aðspurð um frekari breytingar segir Sandra að það komi til með að gerast hægt og rólega. Þá eru dæturnar spenntar en þær munu hjálpa til við að standa vaktina þegar þarf.

-gpp

Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og lofnettskerfi

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ertu að leita að
vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

www.dfs.is/atvinna/



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)

Kerhólsskóli

Kerhólsskóli auglýsir eftir Íþróttakennara



Í skólanum eru rúmlega sjörið nemendur frá eins árs og upp í 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leitað er að sjálfstæðum og drífandi einstaklingum með þekkingu og áhuga á skólastarfi.

Um er að ræða kennslu í skólaíþróttum og mögulega fleiri greinum. 50-100% staða.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leyfisbréf sem kennari
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Mjög góð hæfni í samskiptum
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum
- Þekking á *Uppeldi til ábyrgðar* er kostur.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknum um starfið skal fylgja skrá yfir menntun, starfsferil og upplýsingar um umsagnaraðila. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 4. ágúst 2021.

Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri í síma 480 5520 og jona-bjorg@kerholsskoli.is Umsóknir sendist á netfangið jonabjorg@kerholsskoli.is.

Langspilsverkefni nemenda 5. bekkjar Flóaskóla og FabLab Selfoss

Á dögunum voru haldnir lokatónleikar langspils-smíðaverkefnis sem verið hefur í gangi í Flóaskóla í vetur. Verkefnið er hugarfóstrur Eyjólfssonar, þjóðfræðings og söngvara og hlaut jafnframt styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

„Verkefnið er framhald af langspilssmíðaverkefni sem hefur verið í gangi síðastliðin þrjú ár í Flóaskóla fyrir nemendur í 5. bekk en í vetur var ákveðið að taka þetta lengra og tengja við kennslu í stafrænni tækni þar sem nemendur tóku þátt í að hanna sín eigin langspil í tölvu og láta lazer-skera þau út í FabLab verkstæðinu á Selfossi,“ segir Magnús St. forstöðumaður FabLab Selfossi.

Með þessu verkefni er verið að tengja saman nám í tónlist, þjóðfræði og handverki ásamt

stafrænni hönnun og framleiðslu. Má því segja að hér sé um þverfaglega kennslunálgun að ræða.

Í tilefni lokatónleikanna fengu nemendurnir að bjóða til sín gestasöngvara og fyrir valinu varð að sjálfsgöðu Páll Óskar Hjálmtýsson enda fáir sem eiga sinn líkan þegar kemur að því að ná til fólks á öllum aldri.

Þess má geta að langspils-smíðaverkefnið hefur fengið framhaldslíf en til stendur að Félag tónmenntakennara haldi námskeið fyrir áhugasama kennara þar sem aðferðafræði verkefnisins verður kennd auk þess er verið að útfæra verkefnið sem námsefni fyrir nemendur í listkennsludeild við Listaháskóla Íslands.



Samfélagsmiðlafrí

Gunnastella

Á vormánuðum ákvað ég að taka mér gott sumarfrí frá samfélagsmiðlum sumarið 2021. Þegar þetta er skrifað eru rúmlega 40 dagar síðan ég hætti að nota samfélagsmiðla. Ég hef hvorki notað þá í símanum né tölvunni. Ég undirbjó fríið með því að eyða út þeim samfélagsmiðlaforritum sem ég hafði í símanum. Þau sem ég hef notað mest eru Instagram og gamlingjaforritið Facebook eins og Stella í bókinni Palli Playstation lýsir svo vel. Ég setti mér þær reglur að nota ekki heldur forrit sem ég nota lítið eins og Snapchat og Tik Tok.

Ég ákvað að hafa Messenger í símanum mínum þar sem ég nota það sem skilaboðsforrit til að hafa samskipti við vini og ættingja.

Fyrstu dagana eftir að ég hætti að nota samfélagsmiðla upplifði ég létti. Á degi þrjú fór ég að finna fyrir þessum og gerði mér fljótlega grein fyrir því að nú væri ég að upplifa fráhrarfeinkenni. Mér fannst það skrítíð þar sem mér fannst ég ekki vera háð þessum forritum. Ég gerði mér samt grein fyrir því að það tengdist því að það var ekki verið að mata heilann á mér með ýmskonar upplýsingum í samfélagsmiðlaskrollinu. Mér fannst um stund eins og ég væri að missa af einhverju. Þetta er stundum kallað FOMO eða „fear of missing out.“ Strax á degi fjögur og fimm fór ég að upplifa létti. Mér fannst dásamlegt að vera ekki stanslaust mötuð af því sem aðrir voru að gera í sínu sumarfrí eða hvaða

skoðanir þeir hefðu á stjórnmálum eða sóttvarnareglum. Ég fór að lesa meira af bókum og hlusta á fleiri hljóðbækur. Mér fannst ég hafa meiri athygli og taka betur eftir því sem var að gerast í kringum mig. Við fjölskyldan fórum í ferðalag um landið og mér fannst dásamlegt að taka myndir en vera ekkert að spá í það hvort ég þyrfti að deila þeim á samfélagsmiðla. Ég gerði grín að því við vinkonu mína að þó svo ég hefði verið á N1-mótinu, hafi heimsótt Ábyrgi, Stuðlagil, Mývatn og dvalið í veðurblíðunni á Hallormsstað þá hefði ég samt ekki verið þar því ég hefði ekki deilt því á samfélagsmiðlum. Það var auðvitað sagt með kaldhæðnislegum grín-tón, því stundum er gert grín að því hvernig fólk stoppar örstutt á fallegum stöðum til þess eins að taka samfélagsmiðla-vana mynd. Mér fannst frábært að deila því ekki. Mér fannst yndislegt að vera í fríi og sleppa öllu skrolli. Mér fannst mjög gott að vera ekki að bera mitt sumarfrí við sumarfrí annarra. Eftir því sem leið á upplifði ég enn betur hversu frábært þetta var. Mér fannst frábært að vera og njóta.

Í síðustu viku áttaði ég mig á því að þetta hefur gert mér virkilega gott. Ég ákvað eitt kvöldið að setjast niður og horfa á kvikmynd. Það er langt síðan ég hef gert það. Ég hef í raun ekki haft athyglina í það undanfarna mánuði og ekki átta mig á því fyrr en nú. Mér

hefur fundist auðveldara að horfa á sjónvarpsþætti. Líklega vegna þess að þeir eru styttri. Þetta frí hefur heilt yfir gert mér virkilega gott. Ég las heila bók í síðustu viku á rúmum degi. Það er ótrúlegt hvað hægt er að gera þegar athygli manns fer á betri staði og maður notar 10 mínútur hér og þar til að lesa í stað þess að skrolla.

Ég er hugsu. Samfélagsmiðlar eru góðir að mörgu leyti en rétt eins og maður þarf að passa hvað maður borðar þá þarf maður að passa hvað maður matar sinn innri mann á. Ég með minn bráðum fjörutú ára heila upplifi samfélagsmiðla sem áreiti. Hvernig er það þá með ungu kynslóðina sem opnar snöpp á nokkurra sekúndna fresti og horfir á 15-30 sekúndna löng myndbönd á Tik Tok. Hvað er að gerast í heilanum í þeim?

Þetta samfélagsmiðlafrí mitt hefur gert það að verkum að ég hef ákveðið að endurskoða mína samfélagsmiðlanotkun. Ég hef ákveðið að ég ætla ekki að hlada aftur niður þeim forritum, sem ég notaði mest í símann minn. Ég veit ég mun „þurfa“ að nota sum þeirra en ég ætla að gera mitt besta til að takmarka það og hafa notkunina bundna við tölvuna. Það gerir það að verkum að ég mun nota þá minna en á skilvirkari hátt. Ég vil nota samfélagsmiðla til að hafa jákvæð áhrif á fólkið í kringum mig en ég vil koma í veg fyrir að þeir aftengi mig fólki sem ég er að umgangast í rauntíma.

Ég hvet þig til að prófa að taka samfélagsmiðlafrí um tíma og sjá hvað það gerir fyrir líf þitt. Það sakar ekki að prófa.



Við höfum málað með Íslendingum í meira en 115 ár!



Ferjukot er sögufrægur
verslunarstaður við Hvítá í Borgarfirði.
Gamli bærinn er nýppgerður og
málaður með málningu frá **Slippfélaginu**.

Málaðu með útimálningu frá **Slippfélaginu**:

HJÖRVI á bárujárnnið VITRETEX á steininn

Hágæða efni sem þola íslenskt veðurfar.
Leyfðu reynslumiklum sérfræðingum okkar aðstoða þig.
Hafðu samband og þeir gera þér tilboð.

Ragnar Hólm Gíslason
Verslunarstjóri á Selfossi
ragnar@slippfelagid.is
S: 897 8913



Steindór Elíson
Sölumaður
steindor@slippfelagid.is
S: 590 8515



**SLIPPFÉLAGIÐ ER
KOMIÐ Á SELFÖSS**

SLIPPFÉLAGIÐ
Fellsmúla 26 og Skútuvogi 2,
Reykjavík, S: 588 8000
Dalshrauni 11, Hafnarfirði, S: 588 8000
Hafnargötu 54, Reykjanesbæ, S: 421 2720
Austurvegi 58, Selfossi, S: 482 1250
Gleráreyrum 2, Akureyri, S: 461 2760

Opið:
8-18 virka daga / **10-14** laugardaga
slippfelagid.is



Einstakt sjónarhorn í líf tveggja fjölskyldna í Listagjánni

Sýningin *Lífssögur* sem nú má finna í Listagjá Bókasafns Árborgar er um margt ansi merkileg. Þar eru ofnir þræðir tveggja fjölskyldna sem eiga fastan punkt á Selfossi þó að þræðirnir liggi svo víða, allt austur til Tékkóslóvakíu og Vínar, upp á Flúðir og sameinast í hnykil á Selfossi. Annars vegar er um að ræða bók Helgu R. Einarsdóttur, *Með björtum augum*, þar sem Helga safnar saman frásögnum og minningarbrotum af ævi sinni. Einnig er þar að finna sannkallaða fjölskyldubók sem er sett saman af þeim Gísla Sigurðssyni og dóttur hans Christine Gísladóttur. Ég hitti þau fyrir skömmu í Listagjánni og spurði þau út í tilurð sýningarinnar. Vert er að benda á að sýningunni lýkur 31. júlí næstkomandi og því um að gera að drífa sig í að kynna sér sýninguna

Tókst að rekja talsvert langt aftur og fá myndir

Bókin sem feðginin Gísli og Christine eru að sýna er fjölskyldubók að mestu byggð á ljósmyndum og er bókin einungis ætluð fjölskyldunni. „Þær á bókasafninu hafa reyndar farið þess á leit við okkur að eignast eintak,“ segja þau spök. Christine segir að útgangspunkturinn í bókinni sé mamma

hennar og pabbi. „Við fórum eins langt aftur og við gátum í báðum ættum,“ segir Christine og Gísli bætir við að tekist hafi að rekja ættir konu sinnar, Georginu Stefánsdóttur Sedlacek, aftur til Tékkóslóvakíu. „Hún var austurrísk, frá Vínarborg og faðir hennar var Tékki. Okkur tókst með aðstoð internetsins að finna nöfn á mörgum ættmönnum. Þá er einnig ýmislegt í texta bókarrinnar um fólkið,“ segir Gísli. En bókin inniheldur mikið af myndum af fólkinu í fjölskyldunni.

Bréf til Hitlers

Það eru margar merkilegar sögur í bókinni og Gísli rifjar eina upp. „Það var ein formóðir sem skrifar Hitler bréf. Bréfið var ritað vegna þess að Gestapó setti dóttur hennar í fangelsi og sakaði um föðurlandssvik. Hún var í fangabúðum allt stríðið.“ Christine flettir upp á myndum af fólkinu. Þar á meðal er ein af afasystur Christine sem tekin er í Ravensburg útrýmingarabúðunum. „Þau voru sem sagt í andspyrnuhreyfingunni í Vín. Hann var sendur í fremstu víglínuna og hún í þessar útrýmingarabúðir,“ segir Christine. Aðspurð um það hvernig hafi verið að fara svona ofan í fjölskyldurætur sínar segir Christine: „Þetta er bara búið

að vera mjög skemmtilegt nema þegar ég fann mynd af afasystur minni á netinu, í búningnum frá útrýmingarabúðunum, með bauga undir augunum og mér fannst ég sjá svip með mér og henni. Það fannst mér erfitt.“

Mæla með að setjast niður og gera fjölskyldubók

„Við vorum um tvö og hálf ár að gera bókina. Og ég get mælt með því fyrir alla að búa til svona bók um fjölskylduna. Ég og pabbi vöknudum upp við það einn daginn að það væru eiginlega bara ég, hann og systur mínar sem kunnum þessa sögu. Hún myndi hverfa með okkur. Það varð svo kveikjan að bókinni. Bókin stækkar svo með hverjum nýjum einstaklingi,“ segir Christine. Aðspurð um það hvernig það hafi verið að vinna svona bók segja þau: „Þetta er afar gefandi og við höfum átt frábært samstarf. Gísli bætir svo við: „Svo er hún Christine svo láginn við að setja þetta upp í fallegt form sem gaman er að skoða.“ Feðginin mæla eindregið með að fólk setjist niður og setji saman minningarnar, myndirnar og annað og fjalli um fólkið sitt. Taki saman sögurnar sem nú eru óðum að gleymast og haldi til haga fyrir komandi kynslóðir.

-gpp



Nýr Herjólfur stórbætir nýtingu á Landeyjahöfn

Nýting nýja Herjólfss á Landeyjahöfn síðasta vetur var um 90 prósent, ef með eru taldir dagar þar sem siglt er hálfan daginn. Þetta er svipuð nýtni og var gert ráð fyrir þegar höfnin var byggð.

Nýi Herjólfur hefur siglt til Landeyjahafnar í 73 prósentum tilvika frá því hann byrjaði siglingar í ágúst 2019. Fyrirrennari hans, Herjólfur III, sigldi til Landeyjahafnar í 51,4 prósentum tilvika frá því Landeyjahöfn var opnuð árið 2010 og þar til nýtt skip tók við.

Nýi Herjólfur hefur bætt nýtingu sína á Landeyjahöfn töluvert með aukinni reynslu skipstjórnenda á skipinu. Þannig var nýting skipsins á Landeyjahöfn 70 prósent veturinn 2019 til 2020 en 80 prósent veturinn 2020-2021. Ef hálfir dagar eru einnig teknir með í jöfnuna er nýtingin komin rétt yfir 90 prósent.

Siglingar með nýja Herjólfu hófust í ágúst 2019. Upp komu ýmsir hnökrar á skipinu sem voru lagfærðir haustið 2019. Einnig tók það skipstjóra tíma að öðlast reynslu við stjórn skipsins og að læra á takmörk þess.

Minna mál að dýpka höfnina

Minna hefur þurft að dýpka Landeyjahöfn í vetur en veturna á undan. Veturinn 2020-2021 (september til maí) var dýpkun 236.000 m³ og ólíklegt að dýpka þurfi meira fyrr en í haust. Á

meðalvetri árin á undan hefur meðaldýpkun verið um 350.000 m³.

Töluvert einfaldara er að dýpka höfnina núna eftir að nýi Herjólfur hóf siglingar. Herjólfur III ristir dýpra og því þurfti einnig að dýpka meira framan við höfnina, neðar en náttúrulegt dýpi sem varð til þess að fljótt fylltist upp í það sem dýpkað var.

Þess má geta að sama ár og Landeyjahöfn opnaði árið 2010 varð eldgos í Eyjafjallajökli. Það hafði mikil áhrif á aðstæður í höfninni. Við gosið færðist ströndin utar enda bættust við 100.000.000 m³ af efni við og náttúrulegt dýpi í kringum höfnina varð grynna en áður og í meira ójafnvægi. Nú standa vonir til að sandflutningur á svæðinu sé kominn í meira jafnvægi.

Rýnt í gögn um Landeyjahöfn

Vegagerðin vinnur að því að taka saman öll gögn sem til eru um Landeyjahöfn og greina þau. Þetta eru fyrstu skrefin sem eru farin eftir leiðarvísi sem varð til við óháða úttekt Vatnaskila/Mannvits á Landeyjahöfn. Reiknað er með að þeirri vinnu ljúki vorið 2022. Þá verður einnig komin reynsla af öðrum vetri og meiri vísbendingar um hvort nýting hafnarinnar verði jafn góð til frambúðar. Í framhaldi verður velt upp möguleikum á að auka enn frekar nýtingu Landeyjahafnar.

Gjöf komin í sitt rétta umhverfi

Garðyrkjudeild Hveragerðisbæjar hefur nú gert lítinn garð með blómum og trjám í kringum bekk sem gefinn var á síðasta ári til minningar um Steinunni Sveinsdóttur á Varmá. Gefendurnir voru börn Steinunnar. Það er vel við hæfi að bekknum skuli hafa verið fundinn staður efst á jarðhitamelnum svokallaða með góðu útsýni til Hamarsins og að Varmárbæjunum en þar gekk Steinunn ávallt um á leið sinni til vinnu. Það er von bæjaryfirvalda að þarna muni gróður mynda gott skjól fyrir þá sem njóta munu bekkjarins til framtíðar.

Börnum Steinunnar og fjölskyldum þeirra er þökkúð huguleysi í garð íbúa Hveragerðis.



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 8.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Ármann Dalmanntson
Útg. Bókaútgáfan SKRÚDDA

Ég er í fríi alla daga.
Ég þarf muni að laga og bæta.
Ég þarf fyllisvín út að draga.
Ég þarf knatt arins vel að gæta.




Svar við gátu í blaði 2607: GRIPUR

1. Óákveðinn gripur - 2. Nautgripur - 3. Ættargripur - 4. Gallagripur

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*



*samkvæmt Gallup-könnun októbr. - nóv. 2018

SaltPay

Vilt þú ganga til liðs við ört vaxandi
alþjóðlegt fjártæknifyrirtæki?

SaltPay leitar að orkumiklu sölufólki sem
getur tekist á við krefjandi verkefni.

Sem hluti af söluteymi **SaltPay** tekur þú
virkan þátt í að þjónusta mikilvægasta
hluta fyrirtækisins, viðskiptavinum **SaltPay**.

Þú munt verða tengiliður **SaltPay** á þínu
sölusvæði og mynda viðskiptatengsl við
fjölbreyttan hóp viðskiptavina fyrirtækisins.



Sæktu um hjá okkur



Skanna hér

Við viljum heyra í þér ef þú...

- ✓ Hefur ríka þjónustulund
- ✓ Þolir að vinna undir álagi
- ✓ Ert fær í mannlegum samskiptum
- ✓ Tilbúin að læra og takast á við nýjar áskoranir
- ✓ Vinnur vel í teymi
- ✓ Talar íslensku og ensku
- ✓ Árangursmiðuð/aður og kappgjörn/gjarn





Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,



Ragnheiðar Zóphóníasdóttir
Austurvegi 39, Selfossi.

Ingibjörg Stefánsdóttir **Guðjón H. Stefánsson**
Margrét Stefánsdóttir **Gylfi Guðmundsson**
Jóhann Ingvi Stefánsson **Elín K. Guðbrandsdóttir**
Soffía Stefánsdóttir **Reynir Guðjónsson**
barnabörn og barnabarnabörn

Stuðningsfulltrúi í Kotið á Selfossi



Frístundaklúbburinn Kotið leitar að sjálfstæðum einstaklingi með góða færni í mannlegum samskiptum til að vinna í lengdri viðveru fyrir fötluð grunnskólabörn í 5. - 10. bekk í vetur. Starfið felst í tómsunda- og dægradvöl með fötluðum grunnskólabörnum á aldrinum 10-16 ára. Markmið lengdu viðverunnar er að efla félagslegan þroska þátttakenda og stuðla að virkni og félagslegri þátttöku ungmenna í frístundum. Í starfinu er nærumhverfið notað til að þjálfa ungmennin í sjálfstæði, félagsfærni og samskiptafærni. Þátttakendunum er mætt á þeirra grundvelli og þeim veitt þjónusta við hæfi. Um 50% starf er að ræða. Starfsstöð Kotsins er í Gláðheimum, Tryggvagötu 36 á Selfossi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þátttaka í skipulagningu starfsins
- Einstaklingsmiðuð þjónusta
- Samskipti og samstarf við starfsfólk, þátttakendur, foreldra, skóla og hinar ýmsu stofnanir sem tengjast starfseminni

Menntunar- og hæfnikröfur

- Viðkomandi þarf að hafa náð 18 ára aldri
- Reynsla af starfi með fötluðum einstaklingum er kostur
- Sjálfstæði í starfi
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með 13. ágúst næstkomandi. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynja í störfum á vinnustöðum sveitarfélagsins.

Nánari upplýsingar veitir Eiríkur Sigmarsson, forstöðumaður í síma 480 6363 eða 662 8727. Netfang: eirikurs@arborg.is
Eingöngu er hægt að sækja um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins.

Skottulína

Bómull og ull er einstaklega skemmtileg garnblanda, létt, hlý, mjúk og áferðarfallæg. Uppskrift vikunnar er prjónuð úr garninu Esther frá Permin en blandan er 55% ull og 45% bómull. Peysan er prjónuð ofan frá og niður og þannig er auðvelt að breyta henni í kjól ef vill. Við notum tvo liti og völdum mislitt garn í rendur til að fá meira "líf" í peysuna.

Stærðir: 4-6-8 ára

Efni: Esther 2-2-3 dk í aðallit, 1 dk í rendur. Prjónar no 3,0, 40 sm, 60 sm og ermaprjónar. Prjónamerki. 1 tala.

Athugið að eftir fyrstu 2 rendur eru alltaf prjónaðar 8-9-10 umf sléttar í aðallit og 3 í randalit. Útaukningar og úrtökur eru alltaf gerðar í annarri umferð randalits.

Uppskrift:

Fitjið upp með randalit 74-80-88 l og prjónið garðapryjón, fram og til baka alls 8-8-10 umferðir (4-4-5 garðar). Skiptið í aðallit, tengið í hring og prjónið slétt prjón og aukið í fyrstu umferð út um 16-20-24 l jafnt yfir umferðina, alls 90-100-112 l á prjóni.

Prjónið 4-5-6 umferðir með aðallit, svo 3 umferðir í randalit og aukið í miðjuumferðinni um 18-20-28 l (eftir 5-5-4. hverja lykkju) þá eru alls 108-120-140 l á prjóni.

Prjónið 6-7-8 umferðir með aðallit, svo 3 umferðir í randalit og aukið í miðjuumferðinni um 18-24-28 l (eftir 6-5-5. hverja lykkju) þá eru alls 126-144-168 l á prjóni.

Prjónið 8-9-10 umferðir með aðallit, svo 3 umferðir í randalit og aukið í miðjuumferðinni um 21-24-21 l (eftir 6-6-8. hverja lykkju) þá eru alls 147-168-187 l á prjóni.

Prjónið 8-9-10 umferðir með aðallit, svo 3 umferðir í randalit og aukið í miðjuumferðinni um 21-21-17 l (eftir 7-8-11. hverja lykkju) þá eru alls 168-189-204 l á prjóni.

Prjónið 4-5-6 umferðir með aðallit, svo 3 umferðir í randalit og aukið í miðjuumferðinni um 14-15-12 l (eftir 12-15-17. hverja lykkju) þá eru alls 182-200-216 l á prjóni.

Prjónið 4-5-6 umferðir með aðallit, setjið þá 40-44-48 l á hjálparnælu, fitjið upp 8-8-10 l í handvegi, prjónið 51-56-60 l, setjið næstu 40-44-48 l á hjálparnælu, fitjið upp 8-8-10 l í handvegi, prjónið 51-56-60 l (alls 122-128-1 á prjóninum). Setjið prjónalykkju mitt á milli lykknanna sem fitjaðar voru upp undir handvegi.



Haldið áfram með aðallit þar til komnar eru 8-9-10 umferðir, skiptið þá í randalit og aukið í miðjuumferðinni um 1 l sína hvoru megin við prjónamerkið þannig að fyrsta kemur 1 l á undan merkinu og seinni 1 l á eftir merkinu. Þannig er aukið út í hverri litarönd niður allan bolinn.

Prjónið þar til alls eru komnar 13 rendur frá háls máli. Prjónið 8-9-10 umf einlitar, 8-8-10 umferðir garðapryjón (4-4-5 garðar) og 7-8-9 umf einlitar. Brettið einlita kantinn inn og saumið eða heklið hann við síðustu umferðina fyrir garðapryjónskantinn. (Þið getið felið af og saumað svo við, en ég kaus að hekla með keðjulykkjum þannig að farið er í gegnum lykkjuna á prjóninum og lykkjuna á bolnum).

Færið ermalykkjur af hjálparnælu yfir á prjón og takið upp 10-10-12 l í handvegi (það eru teknar 2 auka l, ein hvoru megin við uppfittjuðu lykkjurnar til að síður myndist gat) og prjónið áfram þannig að rendurnar haldist 8-9-10 umf í aðallit og 3 umf í rendur. Setjið prjónamerki undir miðri ermi og takið út í miðjuumferð randar þannig að 2 l eru prjónaðar saman þegar 1 l er að merkinu og eftir 1 l frá merkinu. Prjónið þar til alls eru komnar 12 rendur frá háls máli. Prjónið 8-9-10 umf í aðallit þá 8-8-10 umf garðapryjón með randalit og loks 7-8-9 umf einlitar. Brettið inn og gangið frá eins og á bol.

Heklið fl meðfram gördunum á hálsi, 1 fl í hvern garða, heklið 8 ll, 1 kl í neðstu fl, 10 fl utan um keðjulykkjubogann, 1 fl. Slítið frá.

Gangið frá endum og festið fallega tölu á.

Uppskrift Þóra Þórarinsdóttir.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Jón Ingi sýnir í Gallery Listasel, Selfossi

Jón Ingi Sigurmundsson opnar sýningu í Gallery Listasel, Brúarstræti 1, Selfossi (í nýja miðbænum) sunnudaginn 1. ágúst. Gallery Listasel var opnað fyrir skömmu og er mjög glæsilegt gallerý og vel staðsett. Jón Ingi sýnir sem fyrir

vatnslitamyndir og myndefnið héðan af svæðinu, Selfossi, Eyrarbakka, Þingvöllum og víðar. Sýningin stendur út ágústmánuð. Galleryið er opið frá kl. 11- 14 á sunnudögum en aðra daga frá kl. 11- 18.



Framkvæmdir hafnar við tengingu inn á Gaulverjabæjarveg

G r öfuþjónusta Steins hefur hafið vinnu við gatnagerð og lagnir í framhaldi af austurhluta Suðurrhóla á Selfossi. Kostnaðaráætlun verksins var 106,8 milljónir en Steinn bauð 83,4 milljónir í verkið. Gatan mun tengja saman Suðurrhólana og Gaulverjabæjarveginn saman. Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar er skipulagt íbúðasvæði norðvestan við veginn. Auk þess er gert ráð fyrir lóð merktu samfélagssvæði.

-gpp



Flúðir um Versló blásin af

Í síðustu viku var hátíðin Flúðir um Versló blásin af. Bessi Theodórsson var að vonum svekktur með að blása hátíðina af. „Við erum sár og svekkt. Vorum búin að loka dagskrá nánast 100% en næsta skref hefði verið að setja þunga í auglýsingar með öllum þeim kostnaði. Það er ekki hægt að gera þetta í þessari óvissu og svo er fjöldi annarra punkta. Í Hrunamannahreppi og uppsveitum öllum eru viðkvæmir hópar eins og allsstaðar og við viljum ekki setja neinn í óþarfa áhættu með því að stuðla að hóþamyndun. En þetta er ákvörðun sem við tök-

um í ljósi aðstæðna ekki vegna tilmæla, það heyrir ekkert frá stjórnvöldum og því lengur sem er beðið því stærri verður skaðinn. Núna þarf ég ekki að halda

starfsfólki í óvissu með vinnu til dæmis. Það er margt sem spilar inn í þetta,“ segir Bessi í samtali við Dagskrána.



Suðurlandsdjazz um verslunarmannahelgina

Unnur Birna & Björn Thorodd-sen. 31. júlí í Tryggvaskála á Selfossi. 1. ágúst í Skyrgerðinni í Hveragerði. Tónleikar hefjast kl. 15 og er frítt á þá. Fiðluleikarinn og söngkonan Unnur Birna og Björn Thorodd-sen hafa verið að spila víðsvegar um landið síðastliðin þrjú ár. Þau spila hina ýmsu stíla tónlistar

enda fólk sem hefur víða komið við í tónlistarsenuinni hérlandis sem og erlendis enda má með sanni segja að þau séu tvö af okkar allra frambærilegasta tónlistarfólki. Með þeim leikur bassaleikarinn Sigurgeir Skafti Flosason. Tónleikaröðin er styrkt af Sass, hlökkum til að sjá ykkur.

Lokið við leikskólann Goðheima fyrir haustið

Í samtali við starfsfólk Mann-virkja- og umhverfissviðs Árborgar kemur fram að verið sé að leggja lokahönd á innanrými leikskólans Goðheima á Selfossi. Leikskólinn var opnaður að hluta til fyrr á árinu en nú er verið að leggja lokahönd á það sem út af stóð og til stendur að opna skólann að fullu í haust. Á útisvæðinu er líka margt um

að vera og verktakar á fullu við að ganga frá lóðinni, en lóðin á að vera komin í gagnið í haust. Samkvæmt upplýsingum blaðsins er verktaki að leggja allt sitt á vogarskálarnar. Í vikunni liggur fyrir að gera úttektir og hleypa lóðinni og húsnæðinu í fulla notkun í framhaldinu.

-gpp



Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?

N1 Selfossi leitar að kraftmiklum og áreiðanlegum liðsfélögum. Þjónustustöðin okkar er líflegur vinnustaður sem iðar af mannlífi frá morgni til kvölds. Um er að ræða starfsfólk í almenna afgreiðslu.

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

Hæfniskröfur:

- Reglusemi og stundvísi áskilin
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- 18 ára eða eldri

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Nánari upplýsingar veitir **Björn Þórarinn Birgisson**, stöðvarstjóri, í síma **482 1005** eða hjá **bjornb@n1.is**.

Áhugasamir sækji um á **www.n1.is** – merkt Selfoss.



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

440 1000 n1.is



ALLA LEIÐ

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Selfoss til Tékklands

HANDBOLTI Selfoss mun mæta tékkneska liðinu KH ISMM Koprivnice í fyrstu umferð Evrópubikarsins (EHF cup), en dregið var í fyrstu tvær umferðir keppinnar í höfuðstöðvum EHF í Vínarborg í Austurríki í seinustu viku. Koprivnice enduðu í fimmta sæti á síðasta tímabili í Tékklandi.

Fyrri leikurinn verður spilaður í Tékklandi, aðra helgina í september og fer seinni leikurinn fram hér heima viku síðar.

Sigurvegarinn úr viðureignum Selfoss og KH ISMM Koprivnice mun mæta RK

Jerusalem Ormoz frá Slóveníu í 2. umferð en þeir lentu í fjórða

sæti í sinni deild.

Umf. Selfoss/esó



Selfyssingar taka þátt í Evrópukeppni í þriðja sinn á stuttum tíma. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Alexander framlengir við Selfoss

HANDBOLTI Alexander Hrafnkels-son hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Selfoss til tveggja ára.

Alexander er ungur og efnilegur markmaður og hefur staðið sig gríðarlega vel bæði með meistaraflokk og U-liðinu síðastliðin tímabil. Handknattleiksdeildin er gríðarlega ánægð að Alexander skuli framlengja við liðið og verður gaman að fylgjast með honum og strákunum í Olísdeildinni í vetur.

Umf. Selfoss/esó



Alexander verður hluti af öflugum markmannsteymi Selfoss í vetur.

Tímabundnar stöður kennara við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri



Tvær kennarastöður á unglingastigi eru lausar fyrir skólaárið 2021-2022 við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri. Um er að ræða tímabundnar ráðningar vegna árs leyfa. Um er að ræða umsónarkennslu, teymiskennslu í íslensku, ensku og sérkennslu.

Í Barnaskólanum eru 140 nemendur í 1. – 10. bekk. Skólinn starfar á tveimur starfsstöðvum, yngri stig á Stokkseyri og eldra stig á Eyrarbakka. Sérstaða skólans felst í einstaklingsmiðaðri kennslu, skapandi greinar fá mikið vægi í skólastarfinu, mikil áhersla lögð á góð samkipti, gott samstarf er við leikskólann og áhersla er lögð á góða samvinnu við nærumhverfið. Skólinn er Erasmus+ skóli, heilsuefandi grunnskóli og er í mikilli þróunarvinnu varðandi teymiskennslu, stafræna menntun, umhverfismennt og skólasýn. Skólinn er virkur þátttakandi í Lærdómssamfélagi Árborgar og í öflugum samstarfi við aðra grunnskóla í Árborg.

Menntun og farnikröfur:

- Leyfisbréf kennara og kennaramenntun
- Góð samskiptahæfni og færni í teymiskennslu
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla í ensku- og íslenskukennslu
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Færni í að nota stafræna kennsluhætti

Helstu verkefni og ábyrgð

- Annast faggreinakennslu á unglingastigi samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda.
- Umsjón með daglegu skólastarfi er varðar viðkomandi umsónarhóp
- Er tengiliður umsónarhóps innan skólans og við foreldra/forráðamenn
- Fylgjast með velferð nemenda, hlúa að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins svo að þeir fái notið sín sem einstaklingar
- Taka þátt í skólaþróun í samræmi við stefnu skóla og sveitarfélags

Nánari lýsingar á stöðunum er að finna á ráðningavef Árborgar www.arborg.is. Frekari upplýsingar veitir Páll Sveinsson, skólastjóri (pall@barnaskolinn.is) og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir (guдруn.bjorg@barnaskolinn.is), aðstoðarskólastjóri í síma 480 3200. Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst 2021. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Allar nánari upplýsingar um skólastarf BES er hægt að nálgast á heimasíðu skólans www.barnaskolinn.is og sveitarfélagsins www.arborg.is



Geggjaður sigur fyrir vestan

KNATTSPYRNA Selfyssingar sóttu þrjú afar mikilvæg stig þegar liðið sigraði Vestra í Lengju-deildinni á laugardag. Leikið var á Ísafirði og flaug liðið fram og til baka í leikinn.

Fyrri hálfleikur liðsins var að mörgu leyti nokkuð lokaður og færni léta á sér standa. Bæði lið þreifuðu á hvoru öðru en hvoru liðinu tókst að setja boltann í netið í fyrri hálfleik.

Síðari hálfleikur hófst með látum en heimamenn í Vestra tóku forystuna þegar síðari hálfleikur var alls ekki gamall. Það tók Selfyssinga ekki nema tæpar fimm mínútur að jafna leikinn. Atli Rafn Guðbjartsson var tekinn niður innan vítateigs gestanna og gat góður dómari leiksins ekki gert neitt annað en að benda á vítapunktinn. Gary Martin fór á

punktinn en markvörður Vestra varði frá honum, Gary var þó vel vakandi, náði frákastinu og setti boltann auðveldlega í netið.

Það leit allt út fyrir það að liðin ætluðu að sættast á jafntefli en á 92. mínútu leiksins skoraði varamaðurinn, Valdimar Jóhannsson, sigurmark Selfoss. Gary átti sendingu inn í vítateig Vestra, þar sem Valdimar var

réttur maður á réttum stað og setti boltann yfir línuna.

Fleiri urðu mörkin ekki og frábær sigur Selfyssinga staðreynd. Liðið situr í 10. sæti deildarinnar, fimm stigum frá Þrótti R. sem er í því ellefta. Selfoss og Þróttur R. mætast einmitt í næstu umferð á JÁVERK-vellinum á Selfossi í dag, miðvikudag kl. 19:15.

Umf. Selfoss/ahm



Byrjunarlið Selfoss á Ísafirði.

Ljósmynd: Umf. Selfoss

Stig hjá stelpunum

KNATTSPYRNA Selfoss lék tvo leiki í Pepsi-Max deildinni í seinustu viku. Liðið náði í stig á heimavelli í fyrri leiknum gegn Þór/KA en seinni leikurinn tapaðist á útivelli gegn Íslandsmeisturum Breiðabliks.

Liðið gerði 1:1 jafntefli við Þór/KA á JÁVERK-vellinum fyrir rúmri viku. Gestirnir voru fyrri til að skora með glæsilegu skoti á 34. mínútu, staðan 0-1 í hálfleik.

Selfossliðið mætti ákveðið til leiks í seinni hálfleik og það skilaði árangri tíu mínútum fyrir leikslok þegar Eva Núra Abrahamsdóttir skoraði með í glæsilegu skoti úr vítateignum eftir sendingu frá Barbáru Sól Gísladóttur. Selfyssingum tókst ekki að finna sigurmarkið þrátt

fyrir ágætari tilraunir og niðurstaðan 1-1 jafntefli.

Breiðablik marði lið Selfoss á laugardag. Selfoss fékk kjör ið tækifæri til að komast yfir á 19. mínútu er Brenna Lovera steig á vítapunktinn. Markvörður Breiðabliks sá hins vegar við henni.

Fyrsta mark leiksins kom á 77. mínútu en þá skoruðu Blikar úr víti. Forystan entist í aðeins tvær mínútur en Bergrós Ásgeirsdóttir jafnaði þá metin fyrir Selfoss. Tveimur mínútum síðar skoruðu Blikar sigurmark leiksins. Lokatölur, 2-1.

Eftir tólf leiki er Selfoss þriðja sæti með 18 stig. Næsti leikur liðsins er gegn Stjórnum í Garðabæ í kvöld, miðvikudag, kl. 19:15.

Umf. Selfoss

Básaleiga á Selfossi

KRÍLAFLÓ

Básaleiga á Selfossi fyrir fullorðinsföt og barnaföt.

Upplýsingar og bókanir á www.krilaflo.is

Eyravegur 21, Selfoss

Svipmyndir af sveitanámskeiðum

Frístundastarf í Árborg blómstrar. Inni á nýjum frístundavef Árborgar geta bæði börn og fullorðnir valið um margskonar frístundastarf í sveitarfélaginu.

Ein nýjungin í frístundastarfi í Árborg er sveitanámskeið GobbiGobb. Þau hófu göngu sína síðasta sumar og gengu vonum framár að sögn Sjáfnar Þórarinsdóttur tómsundafræðings, en hún er manneskjan á bak við saveitanámskeiðin. „Oft þarf eitthvað til að ýta manni út fyrir þægindarammann og yfir á nýjar brautir, og fyrir mig var það covid“ segir Sjöfn, en GobbiGobb var stofnað sem fjölskylduvæn hestaleiga sem ætlaði að stíla inn á erlenda ferðamenn. „Þegar heimsfaraldurinn skall á þá ákváðum við að fara nýjar leiðir og ég sé sko ekki eftir því. Ég segi stundum að covid sé það besta sem hefur komið fyrir mig,“ segir Sjöfn og brosir við. „Námskeiðunum var strax vel tekið og núna í sumar var fullt hjá okkur. Þetta er klárlega besta vinna sem ég hef haft og það eru forréttindi að vinna svona skemmtilegt og gefandi starf.“

Því ber að fagna sem vel gengur en hver er lykillinn á bak við velgengnina? „Góð spurning. Áherslan hjá okkur er að mæta krökkunum þar sem þau eru. Sumir þurfa mikið ut-
anumhald á meðan aðrir þurfa bara smá stuðning í upphafi, enn aðrir þurfa krefjandi verkefni til að blómstra. Eins reynum við að stíla inn á áhugasvið krakkanna hverju sinni. Ég get ekki sagt að morgni dags hvað við munum gera á námskeiðinu þann daginn. Það fer eftir veðri og vindum, bókstaflega suma daga. Nestistíminn er samt alltaf á sínum stað,“ segir Sjöfn kímín.

Hvað er gert á Sveitanámskeiðunum? „Við byrjum alltaf daginn í hring og kynnum okkur og endum í hring og förum yfir það sem við gerðum þann daginn. Þess á milli gerum við eitt og annað. Við vinnum mikið með hestana, við erum ekki endilega að fara á bak heldur þarf að kemba þeim, greiða

þeim og læra að umgangast þá. Svo förum við niður í fjöru að veiða hornsíli og vaða. Við gefum gæsnum brauðafganga og sinnum hænunum. Við erum með þrjá hænunga og þrjá andarunga. Einn af andarungunum fannst yfirgefinn á Selfossi og við tókum hann að okkur. Hann fékk nafnið Jóakim Aðalönd þangað til við komumst að því að hann er stelpa, og fékk þá nafnið Andrésína. Núna í ár erum við líka með tvíbura-fölöld á bænum og annað þeirra drekkur mjólk úr pela. Við endum námskeiðin alltaf á því að fara í ratleik og grilla sykurpúða.“

Með henni á námskeiðinu starfa vaskir krakkar úr vinnuskóla Árborgar. „Sveitarfélagið á hrós skilið fyrir að styðja framtak eins og mitt með því að leyfa mér að fá krakka úr vinnuskólunum. Það hjálpar mikið til og er mjög hvetjandi,“ segir Sjöfn og heldur áfram: „Ég brenn fyrir barnastarfi og mér finnst fagmennskan skipta öllu máli þegar kemur að því að vinna með krökkum. Það skiptir ekki höfuðmáli hvað er gert, heldur hvernig það er gert. Leiðbeinendur í frístundastarfi verða oft helstu fyrirmyndir krakkanna þannig að ábyrgð þeirra er meiri en fólk gerir sér grein fyrir. Það er mikilvægt að leiðbeinendur átti sig á þessu og geti lesið krakkana til að sjá hvað þeir þurfa á að halda. Þegar krakkarnir finna að þeir mega taka pláss, að hlustað sé á þá og tekið eftir því sem þeir gera og hrósað fyrir það sem vel er gert, þá gerast undraverðir hlutir,“ segir Sjöfn en bætir strax við: „Ég er reyndar ekki með leiðbeinendur á námskeiðunum hjá mér, heldur rokkstjörnur. Þau sem vinna á námskeiðunum fannst orðið leiðbeinandi svo óspennandi að ákveðið var að taka upp alveg nýtt orð. Það skapar mjög skemmtilega stemningu að vera með rokkstjörnur og ég fæ reglulega spurninguna: Hvernig verður maður rokkstjarna?“

Núna eru sveitanámskeið sumarsins búin, hvað tekur þá við hjá GobbiGobb? „Ég er með hausinn stútfullan af allskonar

hugmyndum sem mig langar að hrinda í framkvæmd. Stóri draumurinn er að aðstaða herna verði notuð fyrir námskeið og skemmtilegheit meirihluta ársins. Næst á dagskrá er samt smá sumarfrí hjá mér og svo tekur við leikjanámskeið í Selfosskirkju eftir verslunarmannahelgi.“ En Sjöfn starfar einnig sem æskulýðsfulltrúi í Selfosskirkju. „Ég tók við starfinu um áramótin og það var vissulega áskorun að koma inn á miðju starfsári og í miðjum heimsfaraldri en þetta fór samt vel af stað miðað við aðstæður. Krakkarnir í kirkjunni eru alveg frábærir og ég hlakka til að hefja starfsveturinn.“ Fjölbreytt barnastarf er í Selfosskirkju. Þar eru starfandi barna- og unglingakórar undir stjórn Editar Molnár. Auk þess er sunnudagaskóli fyrir yngstu börnin. Vikulega er starf fyrir 6-9 ára og tíu til tólf ára krakka og unglingarnir eru með fundi eitt kvöld í viku. „Í kirkjustarfinu er markmiðið að syngja saman og hafa gaman og blanda inn í það fræðslu og verkefnum. Mig langar að vinna markvisst með félagsfærni í starfinu. Þar sem ég hef líka mikinn áhuga á jákvæðri sálfræði langar mig að flétta saman jákvæðri sálfræði og kristnum gildum og prófa mig áfram með það. Það er nefnilega eitt og annað sem kristin gildi boða sem nýjustu vísindi eru að renna stoðum undir.“ Segir Sjöfn og það er greinilegt að hún veit um hvað hún er að tala. „Áherslan er samt sú sama og á sveitanámskeiðunum, að mæta krökkunum þar sem þeir eru og leyfa þeim að njóta sín,“ bætir hún við í lokin.

Í gegnum þetta viðtal sést vel að Sjöfn hefur ástríðu og metnað fyrir því sem hún gerir. Það er mikill hagar fyrir börnin í sveitarfélaginu að hér sé einhver starfandi sem brennur fyrir þau og er óhræddur við að prófa sig áfram og fara ótroðnar slóðir. Sveitanámskeið GobbiGobb verða aftur á sínum stað sumaríð 2022 og víst er að einhverjir krakkar eru nú þegar farnir að telja niður.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Opið hús í bólusetningu Open house in vaccination

Opið hús - Pfizer

Miðvikudaginn 4. ágúst kl. 15:00 -16:00 í FSu Selfossi fyrir þá sem búa í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Open house - Pfizer

Wednesday august 4. at 15:00-16:00 in FSu at Selfoss only for those who live in Árnes and Rangárvallasýsla.



Pylsuvagninn á Selfossi vantar starfsmann á dagvaktir

Aðra vikuna kl. 9-16 og hina kl. 10-16.

Á föstudögum er unnið frá kl. 9-14 eða kl. 15 og aldrei um helgar.

Endilega sendið mér tölvupóst á simthor@simnet.is eða hringið í mig í síma 899 3533 (Þórdís).

Hlakka til að heyra í ykkur.



VISTVERA

EYRARVEG 5, SELFOS

WWW.VISTVERA.IS



FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

KIRKJUR

Selfoskirkja

Kyrrðarstund sunnudaginn 1.
ágúst kl. 11. Umsjón: Guðbjörg
Arnardóttir.

TUNGUMÁL

Óska eftir að ráða mér
enskukennara til að kenna mér
ensku. Borga vel. Upplýsingar í
síma 483 3568.

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.



Hjólástíllingar

Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyurvegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

Krani
&
tæki

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

Menningargöngur eldri borgara í Árborg



Guðmundur Ármann segir hér frá veru sinni í Húsinu, en hann bjó þar með fjölskyldu sinni um skeið.

Árið 2020 hófst skemmtilegt verkefni sem kallast Menningarganga eldri borgara í Árborg. Þá bregða eldri borgarar undir sig betri fætinum og ganga um þéttbýliskjarna sveitarfélagsins. Fyrsta gangan fór fram á Selfossi í ágúst 2020. Þar fór Kjartan Björnsson, rakari og bæjarfulltrúi fremstur í flokki sem göngustjóri. Gengið var um Grænuvelli og Fagurgerði undir leiðsögn Ólafs Jónssonar í Singasteini. Þá tók Sigfús Kristinsson á móti hópnum við Bankavegin og sagði sögu húsanna. Á Hlaðavöllum var Sigurður Grétarsson með frásögn ásamt því að endað var í kaffisopa að göngu lokinni.

Þuríðarbuðin og samfélagið á Stokkseyri

Bryggjuhátíðin á Stokkseyri 2021 fór fram í blíðskaparveðri. Samhliða henni var farin önnur menningargangan í röðinni. Histvarvið Ásgeirsbúð, á planinu fyrir framan Menningarverstöðina, áður frystihúsið á Stokkseyri. Á móti hópnum tók Þórður Guðmundsson, eða Tóti eins og hann er kallaður. Tóti gekk með hópnum vestur að Gimli, félagsheimilinu niður að höfn og þaðan austur þorpið alla leið að Þuríðarbuð. Á leiðinni sagði Tóti frá því sem fyrir augu bar og lýsti því hvernig þróunin hafði verið í samfélaginu, meðal annars sjósókn og útræði frá Stokkseyri gegnum tíðina.

Eyrarbakki – Húsið með meiru

Í síðustu viku bauð Guðmundur Ármann, íbúi á Eyrarbakka fólki velkomið í Húsið, en Guðmundur er einn af þeim síðustu sem bjó í Húsinu. Hann sagði göngufólki frá veru sinni og fjölskyldu sinnar í húsinu. Þá sagði hann frá því sem gert var í húsinu til viðgerða og uppbyggingar. Þá fór Guðmundur að Vesturbúðarhól og sagði lauslega frá þeirri sögu, en eins og alkunna er var húsið tekið niður og tímbríð nýtt annarsstaðar. Að lokum var endað í gamla Alpan-húsinu sem hefur fengið nýtt hlutverk en það hýsir nú starfsemi Byggðasafns Árnesinga, m.a. stórmunadeildina. Þar tók Lýður Pálsson við hlutverki sögumanns og sagði frá uppbyggingunni í húsinu og skipulagi þess. Það var augljóst að vandað hefur verið til verka í hvívetna og húsnæðið allt hið glæsilegasta.

Miðbærinn næstur á dagskrá

Næst verður farin ferð um nýja miðbæinn á Selfossi þar sem Leó Árnason verður með leiðsögn. Fjallað verður um sögu fyrirmyndanna sem húsin eru reist eftir. Gangan endar á sýningu í kjallara Gamla Mjólakurbúsins. Gangan verður auglýst síðar.

-gpp

ÚTBOD

Þjónusta iðnaðarfólks

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið
Þjónusta iðnaðarfólks í Árborg í samræmi við útboðsgögn.

Um er að ræða rammisamningsútboð þar sem leitað er tilboða í þjónustu iðnaðarfólks sem koma til með að taka að sér einstök verkefni í heild eða að vinna í verkefnum með starfsfólki Árborgar. Útboði er skipt upp í átta mismunandi flokka.

Útboðsgögn verða afhend í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með 30. júní 2021. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum.

Frestur til að skila inn tilboðum er 16. 08. 2021 kl. 13:00.

<https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/42aeb363-0610-4ead-a581-42f02284928d>
Notkunarleiddæmingar um kerfið má sjá hér: <https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/>

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrá sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Kosningabaráttan leggst vel í Tómas Ellert



Hvers vegna ertu að fara fram í Reykjavík norður? Það atvikaðist nú bara þannig til að fulltrúar uppstillinganefndar Miðflokksins í Reykjavíkurborg norður höfðu einfaldlega samband við mig og óskuðu eftir starfskröftum mínum í 2. sætið á framboðslistanum og gengu síðan fast eftir því að ég myndi þiggja boðið.

Af hverju sóttust þau eftir þínum starfskröftum? Í sölu-ræðunni. Töldu þau mig geta styrkt framboðið vegna þeirrar þekkingar sem ég hef á stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og innviðum hennar frá því ég vann á Umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar sem verkefnastjóri á skrifstofu framkvæmda og viðhalds (SFV), á árunum 2015 til 2019, en SFV sér um stofn-framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar og allt viðhald á eignasafni borgarinnar þ.e. húseignum, samgöngumannvirkjum og opnum svæðum.

Auk þess að sækjast eftir þekkingu minni á Reykjavíkurborg taldi uppstillinganefndin það vera eftirsóknarvert að fá mig til liðs við sig í ljósi þeirrar eftirtektarverðu uppbyggingar innviða sem framkvæmd hefur verið hér í Sví. Árborg á undanförunum þremur árum og að mikil þörf væri á slíkum slagkrafti í Reykjavík, meðal annars þegar kemur að uppbyggingu þjóðarleikvanga og samgöngumannvirkja sem eru á forræði Vega-gerðarinnar s.s. Sundabraut og öðrum samgönguæðum innan, og til og frá borginni, auk þess sem verja þyrfti og veita öflugan stuðning við endurreisn Reykjavíkurflugvallar.

Og hvað fannst þér um þetta boð? Í hreinskilni sagt, fannst mér þetta vera fjarstæðukennd

hugmynd í fyrstu, en eftir að hafa hugsað málið í stutta stund, hugsaði ég með mér: „Af hverju ekki?“ - Við búum jú og störfum á sama atvinnusvæðinu og höfum því sömu hagsmuna að gæta gagnvart ríkinu hvort sem við búum í Reykjavík eða í 100 km fjarlægð þaðan í frá. Það eru meira að segja miklir hagsmunir í húfi fyrir Reykvíkings, ef út í það er farið, að ný Selfossbrú yfir Ölfusá risi sem allra fyrst. Brú sem hefði átt að vera komin í notkun fyrir nokkrum árum ef allt væri eðlilegt.

Mér hefur einnig þótt vanta verulega mikið upp á það undanfarin ár að Reykjavík sé að rækja hlutverk sitt sem höfuðborg allra landsmanna og mér hefur fundist sem svo vera að flestöldum alþingismönnum Reykvíkings sé alveg sama um það hlutverk borgarinnar. Mér stendur ekki á sama og ég tel að meirihluti íbúa Reykjavíkur og allri landsbyggðinni standi heldur ekki á sama.

Sá mikli heiður og viðurkenning á störfum mínum sem bæjarfulltrúi hér í Sví. Árborg sem mér var sýndur af uppstillinganefndinni, að sækja svo stíft eftir starfskröftum mínum í Reykjavík, gerði það að verkum að ég gat ekki annað en þegið boðið. Ég gaf nú samt ekki jákvætt svar við beiðninni fyrir en nokkrum dögum síðar, er ég var búinn að ráðfæra mig við fjölskylduna og svara ansi mörgum símhringingum og skilaboðum.

Hvernig leggst svo kosningabaráttan í þig? Hún leggst mjög vel í mig. Ég er satt best að segja fullur tilhlökkunar að takast á við þetta verkefni og vinna að óvæntum en sanngjörnum kosningasigrum Miðflokksins í haust.

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



Guðný Guðmundsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
gudny@domusnova.is

Sími: 821-6610



Sverrir Sigurjónsson
Hdl.
Löggiltur Fasteignasali
sverrir@domusnova.is

Sími: 662 4422



Haukur Páll Ægisson
Aðstoðarm. fasteignasala,
í löggildingarnámi
hp@domusnova.is

Sími: 772 9970

DOMUSNOVA

Fasteignasala

AUSTURVEGI 6 SELFOSSI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra



Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028

Svæði úr landi Grafar - Varmadals. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 22.7.2021 að gerðar verði breytingar á landnotkun og heimiluð efnistaka í gryfjum við Hróarslæk. Reiknað er með að efnistaka verði allt að 50.000 m³ af sandi. Núverandi landnotkun er landbúnaðarsvæði en verður breytt í efnistökusvæði E123 í greinargerð aðalskipulagsins.

Lýsingin liggur frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 1. september nk.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum

Fosshólar 3 og 4, Rangárþingi ytra, deiliskipulag

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 22.7.2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir tvær lóðir úr landi Fosshóla. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á hvorum stað megi byggja íbúðarhús, gestahús og reiðhöll / skemmu. Aðkoma að svæðinu er frá Landvegi (26) um Sumarliðabæjarveg (281).

Eirð við Gíslholtsvatn, Rangárþingi ytra, deiliskipulag

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 22.7.2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Eirð úr landi Haga við Gíslholtsvatn. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir starfsemi leiðtoga- og kyrrðarseturs. Áform eru uppi um byggingar á gistiskálum og kennslustofum. Aðkoma að svæðinu er frá Hagavegi (286).

Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 8. september 2021.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488 7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is.

Haraldur Birgir Haraldsson,
skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



Unglingalandsmóti UMFÍ frestað annað árið í röð



Landsmóti UMFÍ hefur verið frestað annað árið í röð. En Þórir Haraldsson, formaður framkvæmdanefndar Unglingalandsmóts UMFÍ segir það geysileg vonbrigði að gera væntingar barna og ungmenna að engu aftur. Þegar upplýsingar bárust um samkomutakmarkanir varð ljóst að ekki yrði úr landsmótinu.

Ómögulegt að halda mótið með ábyrgum hætti

„Þetta er afar þungbær og erfið ákvörðun. Við erum með tæringu í augunum því margir hafa lagt hart að sér að gera það að veruleika og mörg börn og ungmenntu búin að áforma að njóta helgarinnar með fjölskyldum sínum og vinum. En í ljósi aðstæðna verðum við að sýna ábyrgð og samstöðu á þessum óvissutímum og taka þátt í baráttunni. Því miður er ómögulegt að halda mótið með ábyrgum hætti innan þeirra takmarkana sem settar hafa verið og því verðum við að fresta mótinu,“ segir Þórir Haraldsson, formaður framkvæmdanefndar Unglingalandsmóts UMFÍ.

Undirbúningur fyrir Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi hefur staðið yfir síðustu ár og er

og annan undirbúningur sem ljóst er að verður að engu.“

Vonbrigði barnanna mest

Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ, segir afar dapurlegt að hafa þurft að fresta Unglingalandsmótinu. Vonbrigðin séu mikil hjá mörgum. „Fjöldi fólks hefur lagt mikið á sig við undirbúning mótsins og allir hlakkað til.

Unglingalandsmót UMFÍ hafa frá upphafi verið góður áfangastaður fyrir fjölskyldufólk um verslunarmannahelgina. Mikill fjöldi barna hefur mætt á mótin og notið þess að taka þátt í keppni í íþróttum og skemmt sér á heilbrigðum forsendum með fjölskyldum sínum og vinum. En nú verða þær væntingar að engu,“ segir Ómar Bragi.

Þátttökugjald verður endurgreitt

Skráning hefur verið í fullum gangi á Unglingalandsmót UMFÍ í allan júlí og stefndi í að mótið yrði eitt það fjölmennasta frá upphafi. UMFÍ mun endurgreiða öllum þátttakendum sem þegar hafa skráð sig. Enginn þarf að óska sérstaklega eftir endurgreiðslu. Ef einhverjar spurningar vakna er hentugast að senda skýti á umfi@umfi.is.

þetta annað árið í röð sem mótinu er frestað. Mótið átti upphaflega að fara fram á Selfossi um verslunarmannahelgina 2020 í samstarfi við Héraðssambandið Skarphéðin og Sveitarfélagið Árborg.

UMFÍ eru frjáls félagasamtök og landssamband ungmenntafélaga á Íslandi. Innan UMFÍ eru rúmlega 400 íþrótt- og ungmenntafélög um allt land.

Mikil vinna orðin að engu

Þórir segir ómögulegt að líta fram hjá framlagi sjálfbóðaliða HSK við undirbúning Unglingalandsmótsins. Þeir hafi lagt mikið á sig nú tvö ár í röð við undirbúning móta sem ekki fara fram. Ætla megi að um 3.000 klukkustundir sé þegar búið að vinna auk þess sem hátt í 200 sjálfbóðaliðar hefðu unnið á hverjum degi á mótinu sjálfu. Mikil verðmæti hafi því orðið að engu í núverandi COVID-bylgju. „Framlag sjálfbóðaliða hefur síðastliðin tvö ár verið gríðarlega mikið. Nú höfum við fengið stuðning frá sama fólki tvö ár í röð og þurfum að leita til sama hóps þriðja árið,“ segir hann. „Því til viðbótar er auðvitað talsverður útlagður kostnaður við kynningu mótsins

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

Jiibbií
Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

D+H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
d+hbokhald@gmail.com
s. 6933708

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

HREINGERINGA-þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Fæst um allt Suðurland

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar - Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI
Útfararþjónusta



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

ÖKULAND
Meirapróf Endurmenntun
okuland.is

Hjólbarðarþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð